

Fjósgerðir og mjaltatækni á Íslandi 1997-2003

Landssamband kúabænda hefur tekið saman upplýsingar um fjósgerðir hérlendis nú í byrjun verðlagsársins en um mitt ár 1997 var gerð úttekt á fjósum á Íslandi þar sem könnuð var básategund og tæknibúnaður í fjósum og er þessi gagnasöfnun óbeint framhald þeirrar vinnu. Skráin er unnin upp úr gögnum Bændasamtaka Íslands og upplýsingum frá Búnaðarsamböndum og Héraðsdýralæknum landsins. Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri LK, sá um gagnaöflunina og úrvinnslu.

Niðurstöðurnar sýna að fjós hérlendis eru nú 869 talsins og þar af eru hefðbundin básafjós 635 eða 73,1% en á árið 1997 voru þau um 84%. Athyglisvert er að enn er handmjólkað í einu fjósi og í 18 fjósum er mjólkað með fötumjaltakerfi.

Básafjós með mjaltabás eru nú 114 alls eða 13,1%, en lausagöngufjós eru 120 eða 13,8%. Lausagöngufjósin skiptast þannig að 118 þeirra eru legubásafjós, þar af 11 með mjaltapjónum, 1 rimlafjós og 1 hálmfjós.

Nokkur þróun hefur orðið í fjósum á síðastliðnum 6 árum og hefur fjölgunin verið mest í legubásafjósum með mjaltabás. Jafnframt hafa á þessum árum bæst í hópinn legubásafjós með mjaltapjóni en ekkert slíkt fjós lenti í úrtakinu árið 1997.

Meðfylgjandi tafla sýnir niðurstöður samantektarinnar á þróun fjósgerða.

Fjósgerðir	September 2003		Júlí 1997*	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Básafjós, rörmjaltakerfi	635	70,9%	629	84,3%
Básafjós, fötukerfi	18	2,1%		
Básafjós, handmjaltir	1	0,1%		
Básafjós með mjaltabás	114	13,1%	90	12,1%
Legubásafjós með mjaltabás	107	12,3%	12	1,6%
Lausagöngufjós með mjaltabás	2	0,2%	15	2,0%
Legubásafjós með mjaltapjóni	11	1,3%		
Fjöldi fjósa	869		746	

* gögn byggð á rannsóknarverkefni Snorra Sigurðssonar

Ef tekið er mið af þróun í fjósgerðum hérlendis og erlendis undanfarin ár má búast við að básafjósum muni fækka og áfram muni fjölga í flokki legubásafjósa. Jafnframt eru legubásafjósirn oft stærri þannig að búast má við að hlutfall mjólkur sem framleidd er í legubásafjósum sé nokkuð hátt.

Hvanneyri í október 2003